



Reykjavík, 19. apríl 2021
SFS2021030130
207. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samræmd próf

Á 202. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. mars 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um hversu margir reykvískir skólar og hversu margir reykvískir nemendur lentu í vandræðum þegar upp kom vandamál með prófkerfi samræmdu prófanna í gær. Þá er óskað upplýsinga frá Menntamálastofnun um hvort vankantarnir og fyrirhugað breytt fyrirkomulag ásamt frestun prófanna geti haft áhrif á áreiðanleika prófanna eða skekkni niðurstöðuna og þannig skemmt fyrir samanburði niðurstaða prófanna milli ára. Sá samanburður er ákaflega mikilvægur vegvísir til umbóta í skólustarfi, fyrir nemendur jafnt sem kennara, skólastjórnendur og starfsfólk skólanna.

Svar:

Meðfylgjandi er svar Menntamálastofnunar, dags. 16. apríl 2021.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Bt. Helgi Grímsson
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Kópavogi, 16. apríl 2021.
Tilvísun: M21030147

Efni: Svar vegna fyrirspurnar við vandamál í prófkeri samræmdra könnunarprófa

Vísað er til erindis dags. 11. mars 2021 þar sem óskað var upplýsinga vegna vandamála við fyrirlögn samræmdra könnunarprófa.

Þegar fyrirlögn á samræmdu könnunarprófi í íslensku stóð yfir þann 8. mars sl. komu upp vandamál í rafrænu prófakerfi. Hér fyrir neðan er reynt að svara framlögðum spurningum frá Skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar.

1. Menntamálastofnun hefur ekki tekið saman upplýsingar um hve margir skólar eða hve margir skólar innan hvers sveitarfélags lentu í vanda með fyrirlögn könnunarprófanna þann 8. mars. Hinn tæknilegi vandi er rakinn til vefþjóna í prófakerfinu og því má ætla að einhverjir nemendur í flestum skólum hafi orðið fyrir truflun. Tæknilegir erfiðleikar voru þess eðlis að nemendur, í hvaða skóla sem er, hefðu getað lent í truflun við fyrirlögn. Menntamálastofnun lítur svo á að atvikið hafi ógnað framkvæmd prófanna í öllum skólum.
2. Við úrvinnslu á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa er ekki unnt að greina sérstaklega hvort truflun hjá nemendum hafi haft áhrif á þau svör sem þau skráðu í hið rafræna prófakerfi. Nú hafa nemendur fengið niðurstöður úr íslensku prófinu. Það voru kringum 3.600 nemendur af 4.200 nemendum landsins sem sendu inn niðurstöður. Niðurstöður 142 nemenda sem þreyttu próf þann 8. mars voru ekki reiknaðar vegna þess að þeir notuðu mjög skamman tíma (innan við 10 mínútur) eða svöruðu færri en tveim-þriðju prófspurninga. Þar sem um þriðjungur nemenda á landinu er í Reykjavík má ætla að u.þ.b. 40 til 50 nemendur í Reykjavík hafi verið í þessum hópi.
3. Áhrif á áreiðanleika, réttmæti og upplýsingagildi niðurstaðna. Áreiðanleiki prófa og réttmæti eru eiginleikar sem liggja í túlkun á niðurstöðum prófanna. Hafi nemandi getað lokið prófi með þeim hætti að hann geti sýnt þá kunnáttu, leikni og hæfni sem hann býr yfir þá endurspeglar niðurstaðan stöðu nemenda. Hafi truflun við að taka próf hins vegar þau áhrif

að hann hafi ekki getað sýnt hvað í honum býr, t.d. streitu eða þirringi, þá má ætla að niðurstaða vanmeti stöðu nemandans.

Úrvinnsla úr niðurstöðum samræmdra könnunarprófa er með þeim hætti í dag að notaðar eru nokkrar prófútgáfur af hverju prófi í 9. bekk. Hver prófútgáfa er notuð oftari en einu sinni. Allar prófútgáfur eru tengdar innbyrðis með aðferðum sem gera kleift að gefa nemendum sem sýna sömu frammistöðu sömu einkunn, óháð því hvaða útgáfa prófsins er notuð (sjá kynningarefni á heimasíðu MMS og skýrslu MMS um fyrirögn samræmdra könnunarprófa). Eftir að prófútgáfa hefur verið notuð einu sinni og dreifing stiga á henni hefur verið tengd við aðrar prófútgáfur einfaldast gerð einkunnna. Þá eru tengsl stiga eða fjölda réttra svara við einkunnir þekkt og unnt að gefa trausta einkunn þó þær byggji upphaflega á flóknum útreikningum, t.d. raðeinkunn eða hæfnieinkunn. Því verða niðurstöður einstaklinga sem þreyttu próf 8. mars jafn traustar og áreiðanlegar og niðurstöður fyrri ára. Hið sama á við um niðurstöður frá tímabili varaprófsdaga, þann 17. mars til 30. apríl, að því undanskildu að áhrif gætu verið af því þá er lagt fyrir á pappír en ekki í tölvu.

Ljóst er að truflunin sjálf á prófdegi, breytt fyrirkomulag við framkvæmd prófanna, fjöldi og hæfni þeirra nemenda sem taka próf og aðrir þættir geta haft áhrif á samanburð á milli skóla. Til dæmis er samanburður krefjandi milli skóla þegar einungis lítil hluti nemenda þreytir prófið og ólíkur hópur milli skóla.

Þannig er það álit Menntamálastofnunar að vandi í fyrirögn prófanna hjá 9. bekk í mars og apríl 2021 geti haft áhrif á niðurstöður prófanna. Almenn er álitnið að niðurstöður einstakra nemenda séu traustar, með fyrirvara um próftöku í íslensku þann 8. mars, en álitnið varhugavert að niðurstöður prófanna séu notaðar til að bera saman skóla.

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs

Sigurgrímur Skúlason, próffræðingur.